

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á frjóeggjum og eggjarauðum.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum á frjóeggjum og eggjarauðum skv. 12. gr. tollalaga nr. 88/2005 og viðauka IVA, með síðari breytingum, sbr. viðauka V, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magn soll:

<i>Tollskránr.</i>	<i>Vara</i>	<i>Tímabil</i>	<i>Vörumagn</i>	<i>Verðtollur</i>	<i>Magn tollur</i>
			<i>kg</i>	<i>%</i>	<i>kr./kg</i>
<b>Frjóegg til útgunnar:</b>					
0407.1100	Af hænsnum af tegundinni <i>Gallus domesticus</i>	01.01. - 30.06.14	ótilgr.	0	0
0407.1900	Önnur	01.01. - 30.06.14	ótilgr.	0	0
0408.1901	Gerilsneyddar eggjarauður með 7% saltinnihaldi í $\geq 5$ kg umbúðum	01.01. - 30.06.14	ótilgr.	0	39

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafreiðslu lokið innan tímabils.

#### 3. gr.

Við innflutning á frjóeggjum (0407.1100 og 0407.1900) skal gætt ákvæða laga nr. 54/1990, um innflutning dýra, með síðari breytingum.

#### 4. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 448/2012 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins, með síðari breytingum.

#### 5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

#### 6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvorum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til og með 30. júní 2014.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 24. janúar 2014.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Ólafur Friðriksson.**

*Ása Þórhildur Pórðardóttir.*